

Ed.

1099. Breytingartillögur

[149. mál]

við frv. til siglingalaga.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 26. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Farmflytjanda ber að sjá til þess, með eðlilegri árvekni, að skip sé haffært, nægilega mannað o. s. frv.
2. Við 71. gr. Í stað orðanna „vara hafi orðið fyrir tjóni eða skemmst“ í 1. og 3. mgr. komi: tjón hafi orðið á vöru eða hún skemmst.
3. Við 220. gr. 5. mgr. orðist svo:
Yfirvélstjóri, meiri hluti skipshafnar eða stéttarfélag viðkomandi sjómanna geta farið fram á að haldið verði sjópróf og skal þá leggja fram skriflega og rökstudda ósk þar um.
4. Við 221. gr. Upphaf 2. mgr. orðist svo:
Dómari sá, sem stjórnar sjóprófi, skal leita aðstoðar lögreglu við skýrslutöku o. s. frv.